



RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

ALMANNAVARNADEILD



Berist til: Fjölmiðlar, almannavarnir.is, stjórnýsla og tengiliðir sóttvarnalæknis.

STÖÐUSKÝRSLA

Dags: 18.03.2020

Kl.: 17:00

Staðsetning: Samhæfingarstöð almannavarna/Embætti landlæknis/Sóttvarnalæknir,

Neyðarstig vegna COVID-19

Framvinda

Unnið er hörðum höndum að því að miðla upplýsingum og ráðleggingum til almennings, stofnana og fyrirtækja. Allar leiðbeiningar er að finna á heimasíðu [Embættis landlæknis](#), [Ríkislögreglustjóra almannavarnadeild](#) og [Upplýsingasíðunni covid.is](#)

Ráðgjöf vegna COVID-19

Leiðir að ráðgjöf hjúkrunarfræðinga:

Alvarleg veikindi:

- **Vaktsíminn 1700**
- **Símtal á þína heilsugæslu á dagvinnutíma**

Minni veikindi:

- **Samskipti á Mínum síðum á heilsuvera.is**
- **Netspjall á heilsuvera.is - 8:00-22:00**

Mikið álag er á Læknavaktinni og Heilsuveru. Við hvetjum fólk til að kynna sér upplýsingar, sem eru á ofangreindum vefsíðum.

Fjöldi smitaðra hér á landi er nú 250 talsins, þar af 67 innanlandssmit.

Samtals hafa um 6.510 sýni verið tekin, þar af 291 síðastliðinn sólarhring.

Upplýsingafundur 18. mars 2020

Víðir Reynisson yfirlögregluþjónn stjórnaði fundinum.

Þórolfur Guðnason – sóttvarnalæknir fjallaði um meðgöngutíma sjúkdómsins og sagði að miðað sé við að einstaklingar sem greinast með smit séu með einkenni í tvær vikur og einkennalausir í eina viku. Eftir þann tíma sé óhætt að segja að viðkomandi einstaklingur sé laus við sjúkdóminn. Heilbrigðisfyrirvöld líta svo á að fólk fái veiruna eingöngu einu sinni – geti ekki smitast oftari en einu sinni.

Alma S. Möller, landlæknir (AM) fjallaði um stöðuna í heilbrigðiskerfinu: Annars vegar hverfist heilbrigðisþjónustan um COVID-19 og hins vegar um hina hefðbundnu og nauðsynlegu þjónustu. Almennt gengur mjög vel hjá heilsugæslunni. Mikið álag hefur verið hjá heilbrigðisstofnun Norðurlands á Húsavík en þar hefur þó tekist að styrkja starfsemi, bæta við starfsmönnum og skipuleggja þjónustuna í nokkra daga fram í tímann. Engin vandkvæði hafa komið upp í sjúkraflutningum. Undirbúningur fyrir innlagnir á sjúkrahúsið á Akureyri gengur vel. Á Landsspítalanum gengur vel en þar er mikið að gera. Góðu fréttirnar eru að engir sjúklingar þurfa núna að vera á gangi á bráðamóttöku og dregið hefur verið úr valkvæðri starfsemi eins og ýmsum aðgerðum. Landlæknir ítrekar að veira megi ekki yfirtaka allt og beinir því til

almennings að hann fólk neiti sér ekki um heilbrigðisþjónustu. Fjarheilbrigðisþjónusta er einnig fyrir hendi – og er í stöðugri þróun. Þessar til að taka sýni séu enn til í landinu og fleiri hafi verið pantaðir.

Gissur Pétursson, ráðuneytisstjóri félagsmálaráðuneytis kynnti þau mál sem eru ofarlega á baugi og varða félags- og velferðarþjónustu og þjónustu við viðkvæma hópa í íslensku samfélagi. Á sviði félagsþjónustu starfar framlínufólk í umönnunarstörfum og á tíðum við krefjandi aðstæður – þær séu meira krefjandi við aðstæður sem nú eru uppi í samfélaginu. Ekki megi koma til þess að erfitt verði að manna þjónustu við viðkvæma hópa eins og á sambýlum, heimilum fatlaðra og svo framvegis. Gissur greinir frá því að félags- og barnamálaráðherra, samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra og formaður stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga hafi undirritað samstarfsyfirlýsingu til aðgerða sem miða að því að takast á við þær áskoranir sem stofnanir ríkisins, félagsþjónusta og aðrir aðilar sem sinna þjónustu við viðkvæma hópa í landinu standa frammi fyrir vegna COVID -19 veirunnar. Með yfirlýsingunni er boðað til víðtæks samstarfs ríkis, sveitarfélaga, fagaðila og hagsmunaaðila um allt land svo tryggja megi öryggi og nauðsynlega þjónustu fyrir þá sem mest þurfa á henni að halda m.a. fatlað fólk, aldraða og börn og fjölskyldur. Þá hafi einnig verið stofnað í samvinnu við almannavarnardeild ríkislögreglustjóra viðbragðsteymi um þjónustu við viðkvæma hópa sem mun vinna með markvissum hætti, og í náinni samvinnu við aðila sem sinna hagsmunagæslu og/eða þjónustu við viðkvæma hópa, að því að draga úr rofi á þjónustu. Teymið hefur það hlutverk að safna og miðla upplýsingum, meta stöðu sem upp getur komið og eftir atvikum bregðast við áhrifum COVID-19 faraldursins á mikilvæg þjónustukerfi á landsvísu, m.a. ef upp kemur sú staða að ekki sé mögulegt að veita lágmarksþjónustu til tiltekinna hópa eða einstaklinga til skemmri eða lengri tíma. Ábendingar og fyrirspurnir til viðbragðsteymisins sendist á vidbragd@frn.is.

Upplýsingamiðlun

Vefurinn COVID.is

Upplýsingar um tölfræði sjúkdómsins eru uppfærðar einu sinni á dag og birtar rétt fyrir hádegi á vefsvæðinu covid.is. Á vefnum er hægt að nálgast upplýsingar um aðgerðir hér á landi vegna sjúkdómsins sem veldur COVID-19. Þar má einnig nálgast ýmsar tölulegar upplýsingar. Vefurinn er í sífelldri þróun. Hann er sem stendur á íslensku og ensku. Unnið er að pólskri þýðingu.

Framundan:

- Upplýsingafundur fyrir fjölmiðla eru áætlaðir alla daga kl. 14:03.
- Næsti stöðufundur vegna COVID-19 verður fimmtudaginn 19. mars kl. 9:00.

Samráð og ýmsar upplýsingar m.a.


- Menntamálaráðuneytið hefur gefið út [Lykilskilaboð og forvarnaraðgerðir vegna COVID-19 í skólum](#), íslenska þýðingu á leiðbeiningum Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar (WHO), Unicef og Rauða krossins um lykilskilaboð og forvarnaraðgerðir vegna COVID-19 í skólum.
- Í dag var fundur með almannavörnum, félagsmálaráðuneytinu og Reykjavíkurborg um upplýsingagjöf til innflytjenda og málefni barna og ungmenna
- Sífelld fleiri hafa samband við heilbrigðisstarfsmenn á upplýsingagáttinni heilsuvera.is, en þar er hægt að skrá sig inn með rafrænum skilríkjum, og eiga í samskiptum við heilbrigðisþjónustuna. Heilsuvera fékk um 900 fyrirspurnir í gegnum netspjallið sl. sólarhring.
- Bakvarðasveit velferðarþjónustu: Fyrirsjáanlegt er að þjónustuaðilar sem sinna mikilvægri þjónustu við viðkvæma hópa muni á næstunni þurfa að takast á við mönnunarvanda vegna Covid-19 veirunnar. Sökum þess hafa víðeigandi ráðuneyti og Samband íslenskra sveitarfélaga í samráði við almannavarnardeild ríkislögreglustjóra ákveðið að farið verði að fordæmi heilbrigðisyfirvalda, sem nýlega komu á fót bakvarðasveit heilbrigðisþjónustu. Á heimasíðu félagsmálaráðuneytisins hefur nú verið opnað sérstakt skráningarform fyrir fólk sem hefur þekkingu og reynslu úr velferðarþjónustu og er reiðubúið að koma tímabundið til starfa í þjónustu við viðkvæma hópa, hjá ríki eða sveitarfélögum, með skömmum fyrirvara. [Sjá frétt á vef félagsmálaráðuneytisins.](#)



COVID-19 á Íslandi - Tölfræði

Síðast uppfært kl. 11:00 18. mars


Fjöldi sýna eftir dögum




Heildartölur

- 250** staðfest smit
- 2.422** í sóttkví
- 250** í einangrun
- 6.510** sýni
- 3** á sjúkrahúsi
- 457** lokið sóttkví


Fjöldi smitaðra eftir dögum



Fjöldi smitaðra eftir kyni



Uppruni smits




Smit / sóttkví eftir landshlutum



Landshluti	Smit	Sóttkví
Austurland	0	5
Höfuðborgarsvæði	224	1782
Norðurland eystra	1	100
Norðurland vestra	1	3
Suðurland	16	376
Suðurnes	5	108
Vestfirðir	0	13
Vesturland	0	25
Óstaðsett	3	6
Útlönd	0	4

Fjöldi smitaðra eftir aldri



Þar sem tölur fyrir myndrit uppfærast mishratt er eðlilegt að tölur stemmi ekki alveg. Eftir sem áður ættu tölurnar að gefa góða mynd af þróun mála.

Kórónaveira – útbreiðsla erlendis

Í dag hefur sýking af völdum COVID-19 verið staðfest hjá um 207.518 einstaklingum samkvæmt John Hopkins og um 8.248 einstaklingar hafa látist. Þá hafa 82.104 einstaklegar náð sér eftir veikindin. Mikill vöxtur hefur verið í dreifingu veirunnar í Evrópu, sérstaklega á Ítalíu, á Spáni og í Þýskalandi. ECDC hefur breytt áhættumati sínu yfir í að faraldurinn geti orðið meðalstór eða mikil lýðheilsuógn. Sjá vef [Sóttvarnastofnunar Evrópu \(ECDC\)](#) varðandi þróun mála í hverju landi fyrir sig. Sjá áhættumat ECDC.

Borgaraþjónusta utanríkisráðuneytisins

Borgaraþjónusta utanríkisráðuneytisins hefur aukið símsvörun og svörun skriflegra fyrirspurna. Íslendingar á ferðalagi erlendis eru hvattir til að skrá sig í grunn borgaraþjónustunnar er í gegnum Stjórnarráðsvefinn www.utn.is

- Af þeim 9 þúsund sem hafa verið skráðir í grunn borgaraþjónustunnar frá því að hann var tekinn í gagnið eru tæplega 7 þúsund manns ennþá erlendis. Tæplega þúsund manns eiga bókað heim næstu tvo daga.
- Borgaraþjónustan svarar fyrirspurnum með skilaboðum á Facebook, með tölvupósti á hjalp@utn.is og í síma 545-0-112. Einnig er hægt að hafa samband í gegnum Facebook síðu utanríkisráðuneytisins.